

hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Með því að ákvæði aukarjettardómsins um málskostnað og iðgjöld einnig samþykkjast, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild sinni. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun sakarinnar leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á að vera óraskaður. Ákærði, Andreas Dahl Guðbrandsson, greiði allan af áfrýjun sakarinnar leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar og landritara Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 34/1892:

Hið opinbera
gegn
Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 13. júlímán. þ. á., var hinn kærði, Jón

Ólafsson í Bygggarði í Seltjarnarnesshreppi, dæmdur til að greiða 40 kr. sekt fyrir brot gegn fiskiveidasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastadahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 8. des. 1890. Svo var og afli sá, 250 fiskar að tölu, er kærði fjekk fyrir brot þetta eða netalögn sína, með dómnum gjörður upptækur. Sektin og andvirði aflans skyldi renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Loks var hinn kærði dæmdur til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi er að beiðni hins kærða skotið til landsyfirdómsins.

Hinn 24. marzmán. p. á. lagði hinn kærði, eptir því sem hann sjálfur hefur játað, 3½ net í sjó fyrir framan Leiruna í Rosmhvalanesshreppi, og er hann vitjaði um þau 26. s. m., voru í þeim 250 fiskar, er hann flutti í land ásamt netunum. Hinn kærði hjelt því upprunalega fram, að net þessi hefðu verið hrognkelsanet, og hefði honum því verið heimilt að leggja þau, en síðar, er tilkvaddir menn höfðu skoðað netin og lýst því yfir, að það væru þorskanet, gat hann eigi mót-mælt því, að svo væri.

Kærði hefur þannig með því að leggja net þessi gjörzt brotlegur gegn 1. gr. ofanefndrar samþykktar, sem bannar að leggja þorskanet í sjó á því svæði, er hún nær til, fyrir 7. apríl ár hvert; samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar skal aflinn vera upptækur. Með því nú landsyfirdómurinn fellst á sektarupphæð þá, er lög-reglurjettardómurinn ákveður, svo og á ákvæði hans um, að aflinn skuli upptækur og hinn kærði greiða allan löglegan málskostnað í hjerði, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Svo hlýtur hinn kærði og

að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningislaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði verður ekki víttur, og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærða, Jóni Ólafssyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra. Dómnum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 35/1892:

Híð opinbera

gegn

Ólafi Íngimundarsyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 16. júlímán. þ. á., var hinn kærði, Ólafur Íngimundarson í Bygggarði í Seltjarnarnesshreppi, dæmdur fyrir brot gegn fiskiveiðasamþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp o. fl. hreppa sunnanvert og austanvert við Faxaflóa, og Reykjavíkurbæ, 8. des. 1890, í 60 kr. sekt til fátækra sjóðs Rosmhvalanesshrepps, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur að beiðni hins kærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.